

24. JANÚAR
2025

HARPA
ELDBORG

Sinfónían á Myrkum

FÖSTUDAGSRÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Balaena 10'

Orun 2022 10'

PLAY 25'

Ekkert hlé verður gert á tónleikunum.

MYRKIR
MÚSÍKDAGAR
DARK MUSIC DAYS

Tónleikarnir eru upphafstónleikar Myrkra músíkdaga
www.darkmusicdays.is

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út í þættinum
Tónhjólinu á Rás 1, sunnudaginn 2. febrúar kl. 16.05.

Sinfónían á Myrkum

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 24. JANÚAR KL. 18:00

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Martin Kuuskmann
einleikari

Ingibjörg Ýr Skarphéðinsdóttir
Balaena (2024)

Marcos Balter
Orun (2022)

Páll Ragnar Pálsson
PLAY - konsert fyrir Martin Kuuskmann (2021)
1. Pine Tree Echoes
2. Distortion
3. Seabed Shimmer

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Daníel Bjarnason

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason hefur átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands í rúman áratug, bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld. Hann var staðarlistamaður á árunum 2015–2018 og aðalgestastjórnandi árin 2019–2021, en starfar nú með sveitinni sem „listamaður í samstarfi“ (Artist in Association). Tónsmíðar Daníels hafa vakið mikla athygli víða um heim og hafa margsinnis hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna, auk Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Fílharmóníusveitirnar í Los Angeles, New York og Helsinki, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Tókýó, Gautaborg, Melbourne, Berlín, Zurich, San Francisco, London, Vín og svo mætti áfram telja.

Hann hefur gefið út plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, Da Capo, Sono Luminus og Deutsche Grammophon. Meðal helstu nýlegra verka Daníels eru óperan Brothers, fiðlukonsertinn Scordatura, píanókonsertinn FEAST og slagverkskonsertinn Inferno. Nýtt verk eftir Daníel verður frumflutt á Íslandi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2025, en það er þrilekurinn I Want To Be Alive þar sem Daníel veltir fyrir sér mörkum mennsku og meðvitundar og hlutverki goðsagna í heimi gervigreindar. Fyrsti þáttur þrileiksins, Echo / Narcissus, var fluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands í september 2023. Daníel hefur stjórnað nokkrum hljóðritunum með Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir Sono Luminus. Þannig hafa fjórar plötur útgáfunnar með íslenskri tónlist í flutningi hljómsveitarinnar vakið mikla athygli og var ein þeirra tilnefnd til Grammy-verðlauna fyrir besta hljómsveitarflutning. Daníel stjórnaði hljómsveitinni á hljóðriti sveitarinnar með verkum Jóhanns Jóhannssonar sem Deutsche Grammophon gaf út í september 2023.



Martin Kuuskmann

EINLEIKARI

Eistneski fagottsnillingurinn Martin Kuuskmann (f. 1971) er talinn meðal fremstu flytjenda á hljóðfæri sitt í heiminum í dag. Hann hóf hljóðfæranám í Tallinn en stundaði framhaldsnám við Manhattan School of Music og Yale-háskólann í Bandaríkjunum. Hann hefur þrívægis hlotið tilnefningu til Grammy-verðlauna og hefur starfað með hljómsveitum á borð við Eistnesku Þjóðarhljómsveitina, Kammerhljómsveitina í Tallinn og St. Lukes-kammersveitina. Hann hefur frumflutt ellefu fagottkonserta eftir mörg helstu tónskáld samtímans, m.a. Erkki-Sven Tüür, Christopher Theofanidis og Tõnu Kõrvits. Kuuskmann hefur komið fram sem einleikari með mörgum af helstu hljómsveitum heims, má þar nefna Útvarpssinfóníuna í Leipzig, Suisse Romande hljómsveitina, Sinfóníuhljómsveit Eistlands, Amerísku tónskáldahljómsveitina, St. Luke kammerhljómsveitina, Þjóðarhljómsveit Chile og Kammerhljómsveit Tallinn. Hann hefur komið fram sem einleikari í Carnegie Hall og var valinn til að leika Sequenza XII eftir Luciano Berio á tónleikum Fílharmóníusveitarinnar í New York árið 2008.

Kuuskmann hefur frá árinu 2008 verið fyrsti fagottleikari Eistnesku Þjóðarhljómsveitarinnar undir stjórn Paavo Järvi. Hann leikur einnig kammertónlist, m.a. með píanistanum Kirill Gerstein sem er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur. Þá hefur hann einnig starfað með jazztónlistarmönnum á borð við John Patitucci og Joe Zawinul og leikið brasilíska tónlist með píanóleikaranum og tónskáldinu Jovino Santos. Hann hefur leikið inn á hljóðrit fyrir ERP, Simax, Erdenklang og Chesky Records, og hlutu hljóðritanir hans á fagottkonsertum Christopher Theofanidis og David Chesky tilnefningu til Grammy-verðlauna. Kuuskmann er prófessor í fagottleik við Lamont tónlistardeild Háskólans í Denver, Colorado og hefur áður kennt við Manhattan tónlistarskólann. Hann hefur mikinn áhuga á kennslu og haldið meistaranámskeið á fjölmörgum hátíðum og háskólum víða um heim.



Ljósmynd: Sigga Ella

Ingibjörg Yr Skarphéðinsdóttir

BALAENA

Ingibjörg Yr Skarphéðinsdóttir (f. 1990) hefur undanfarin ár sett svip sinn á íslenskt tónlistarlíf og átt gott samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Nordic Affect, Kór Breiðholtskirkju og fleiri. Verk hennar hafa reglulega verið flutt á Myrkum músíkdögum og hlotið lofsamlega dóma. Fyrir utan að skrifa stærri hljómsveitarverk vinnur Ingibjörg jöfnum höndum með kórum, dönsurum, leik- og kammerhópum og kvikmyndagerðarfólki. Á hennar vegum hafa komið út tvær plötur í fullri lengd. Annars vegar er það platan Hulduhljóð með listahópnum Hlökk frá 2019. Sú plata fékk Kraumsverðlaunin ásamt tilnefningu til plötu ársins í opnum flokki á Íslensku tónlistarverðlaununum. Hins vegar er það platan Konan í speglinum (2023) sem var samstarfsverkefni hennar og Ingibjargar Fríðu Helgadóttur og byggðist á ljóðum Ingibjargar Haraldsdóttur. Ingibjörg hefur verið útnefnd sem Bjartasta vonin í flokki Sígildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaununum og árið 2023 var verk hennar Fasaskipti tilnefnt sem tónverk ársins.

Tónlistargagnrýnandinn Simon Cummings segir um Balaena, sem flutt var af Kammersveit Reykjavíkur á hátíðinni árið 2023, „[verkið] var jafnt seiðmagnað, mikilfenglegt og yndisfagurt og sýndi ljóslega að Ingibjörg er tónskáld sem á aukna athygli skilið“. Balaena er um 10 mínútur að lengd og er samið út frá söng hnúfubaka og umhverfi þeirra, hafinu. Ingibjörg segir sjálf um verkið: „Ég fékk áhuga á tónverkum þar sem rafhljóð smíðuð úr hvalasöng blönduðust við akústískan hljóðfæraleik en vildi reyna að láta hljóðfærin sjálf líkja eftir þessum söng. Ég fékk mikið safn vettvangsupptaka frá sjávarlíffræðingnum Eddu Elísabetu Magnúsdóttur með ýmsum hvalategundum og kann henni miklar þakkir fyrir. Ég ákvað að einskorða mig við söng hnúfubaka og þá varð til verkið Balaena (eða hvalur á latínu)“. Verkið var umritað fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit og þeramín fyrir flutning kvöldsins.



Marcos Balter

ORUN

Brasilíska tónskáldið Marcos Balter (f. 1974) hefur hlotið mikið lof fyrir verk sín, sem hefur verið lýst sem „dásamlegum“ (The Chicago Tribune), hnyttnum og súrrealískum (The New York Times) og myrkum og ljóðrænum (The Washington Post). Tónlistin er tilfinningaþrungin og flókin, knúin áfram af tilraunum við að umbreyta hljóðblæ.

Balter hóf tónlistarnám sitt aðeins fimm ára gamall við Conservatório Musical Heitor Villa-Lobos í Ríó de Janeiro. Tuttugu og eins árs gamall flutti hann til Bandaríkjanna til að halda áfram námi og lauk doktorsprófi frá Northwestern University. Balter hefur hlotið fjölda verðlauna, þar á meðal American Academy of Arts and Letters Music Award og Guggenheim Fellowship. Verk hans hafa verið flutt af virtum hljómsveitum eins og New York Philharmonic og Los Angeles Philharmonic. Hann er nú Fritz Reiner prófessor í tónsmíðum við Columbia University, en hefur einnig kennt við University of California í San Diego og Columbia College Chicago.

Tónverkið Orun samdi Balter árið 2022, en það sækir innblástur í trú og hefðir Yoruba-fólksins í Vestur Afríku. Kjarni trúar þeirra snýr að fyrrnefndu Orun, sem er ósýnileg vídd þar sem andar hinna látnu hverfa til, svipað og í himnaríki hinna kristnu. Í trú Yoruba-fólksins má í Orun finna uppsprettu ættarstyrks hinna látnu sem flæðir yfir í heim þeirra lifandi og valdeflir þá.

Tónskáldið leggur áherslu á sterkt andrúmsloft fremur en þematíska uppbyggingu í verkinu. Innan þessa fljótandi ramma sýnir Balter leikni sína í hljóðfæranotkun. Strengir og harpa hefja og ljúka verkinu, en inn á milli eru kröftugir kaflar með málmblásturshljóðfærum sem skapa hápunkt í miðju verksins.

Sem samkynhneigður listamaður af afrískum uppruna í Brasilíu leggur Balter áherslu á að víkka menningarlega umræðu um tónlist út frá nýlendufræðilegu sjónarhorni. Með Orun endurspeglar Balters áhuga sinn á að brúa ólík sjónarhorn og skapa listrænt flæði í fjölmenningsamfélagi.



Páll Ragnar Pálsson

PLAY - KONSERT FYRIR MARTIN KUUSKMANN

Páll Ragnar Pálsson (f. 1977) hóf feril sinn í tónlist með rokkhljómsveitinni Maus, sem naut mikilla vinsælda á Íslandi á sínum tíma. Þegar Maus lagði upp laupana færði Páll sig yfir í raftónlist áður en hann ákvað að snúa sér alfarið að klassískum tónsmíðum. Þessi fjölbreytti bakgrunnur hefur mótað tónskáldið sem Páll er í dag og setur mark sitt á tónsmíðar hans. Árið 2007 útskrifaðist Páll með bakkalárgráðu frá tónlistardeild Listaháskóla Íslands. Í kjölfarið hélt hann til Eistlands í framhaldsnám. Þar lauk hann bæði meistara- og doktorsprófi í tónsmíðum frá Eistnesku tónlistar- og leikhúsakademíunni undir handleiðslu Helenu Tolve, einu fremsta tónskáldi Eystrasaltslandanna. Eistland hefur veitt Páli ómetanlegan innblástur. Landið er einstakur menningarlegur suðupottur þar sem austur-evrópskur spíritualismi mætir vestrænni tónsmíðartækni. Umhverfið þar einkennist af djúpstæðri virðingu fyrir listrænum sköpunarkrafti, en um leið má finna fyrir þunga pólitískrar fortíðar sem setur svip sinn á menningarlífið.

Fagottkonsertinn PLAY var sameiginleg pöntun Sinfóníuhljómsveitar Eistlands og Kymi Sinfóníettunnar í Finnlandi. Verkið var frumflutt í Tallinn, Kotka og Kuusakoski í byrjun árs 2022 undir stjórn Olari Elts, með Martin Kuuskmann sem einleikara. Páll lýsir tilurð verksins á eftirfarandi hátt: „Þegar Martin Kuuskmann bað mig um að semja fyrir sig konsert hugsaði ég strax að ég vildi að verkið snerist um hann. Ekki bara Martin sem tónlistarmann heldur einnig sögu hans og anda, breytinguna frá því að alast upp í Eistlandi á 8. og 9. áratugnum og flytjast svo til Bandaríkjanna þar sem hann byggði upp feril sinn og líf. Mér varð einnig ljóst að verkið yrði þakklætisvottur til Eistlands fyrir allt sem landið hefur gefið mér, bæði tónlistarlega og persónulega. Þegar ég hóf vinnu við verkið tók ég viðtal við Martin og bað hann að

lýsa fyrir mér lífi sínu sem ungur tónlistarnemi í Eistlandi. Hann sagði mér frá námi sínu í Nömmme tónlistarskólanum og hvernig hann gekk í gegnum skóginn á leið sinni þangað. Mér varð ljóst að þetta voru bókstaflega sömu aðstæður og þegar ég var í tónsmíðanámi. Ég gekk þessar sömu götur, í gegnum sama skóginn á mikilvægustu mótunarárum mínum sem tónskáld. Þetta setti stemninguna fyrir fyrsta þáttinn (Pine Tree Echoes) og sótti ég innblástur í hljóð, áferð og andrúmsloft svæðisins. Í huga mér var eins og Martin væri þarna að leika skóginn... Ég vann að öðrum þættinum (Distortion) sumarið 2022 þegar ég og fjölskylda mín bjuggum í Uus Maailm hverfinu í Tallinn. Á íslensku myndi nafnið á hverfinu vera „Nýji heimurinn“ - sem er táknrænt heiti fyrir verk um mann sem flutti til Ameríku á umbrotatímum í sögu heimalands. Ég elska mjúku litina þar, hæga tempóið og þökukennt andrúmsloftið, og gat fundið hvernig stemningin smaug inn í meðvitund mína og þaðan inn í tónsmíðina. En undir niðri voru einnig þyngri hugsanir um breytingar á öllum sviðum heimsins og hversu berskjölduð við stöndum gagnvart þeim. Síðasti þátturinn er einskonar „eftir flóðið“ stemning þar sem tónlistin hreyfist í mjúkum bylgjum og fagottið „syngur“ fyrir okkur eins og frá fjarlægri strönd.“

Þetta er ekki fyrsta verkið sem Páll semur fyrir Kuuskmann, en hann samdi einnig konsert fyrir flautu og fagott fyrir Hallfríði Ólafsdóttur og Kuuskmann sem þau fluttu á Myrkum músíkdögum árið 2019. PLAY er tileinkað minningu Hallfríðar. Í Play gefur Páll Kuuskmann færi á að sýna hæfileika sína sem einleikari og skapar um leið tónræna frásögn af lífi hans. Verkið endurspeglar þá djúpu tengingu sem Páll hefur myndað við Eistland og hvernig landið hefur mótað tónlistarlega sýn hans. Með því að tvinna saman hljóðheim náttúrunnar og persónulega reynslu skapar Páll margslungið verk sem byggir brú milli fortíðar og nútíðar, austurs og vesturs, náttúru og mannlegrar reynslu.

Þorbjörg Daphne Hall

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Laura Liu
Joanna Bauer
Bryndís Pálsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pétur Björnsson
Pálína Árnadóttir
Sólveig Vaka Eyþórsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Justyna Bidler
Ólöf Þorvarðsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Eyjólfrur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Hjörtur Eggertsson
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Richard Korn

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzeck
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Zach Silberschlag
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Oren Marshall

Harpa

Gunnhildur Einarsdóttir

Píanó/Selesta

Liam Kaplan
Elena Postumi

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Peramín

Jesper Pedersen

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
viðburða verkefnastjóri
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tækniamaður

Á döfinni

30.01 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Ari Þór og Osmo Vänskä

Finninn Osmo Vänskä er heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og er sérstakt ánægjuefni að Vänskä stjórni frumflutningi Ara Þórs Vilhjálmssonar fiðluleikara á nýjum fiðlukonserti Þórðar Magnússonar. Þórður hefur verið virkur í íslensku tónlistarlífi í áratugi og skapað sér sérstöðu með tónverkum sem fela í sér jafnt ferskan, nútímalegan andblæ og djúpa þekkingu á tónsmíðahefðum fortíðar. Fiðluleikarinn Ari Þór Vilhjálmsson lék með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árunum 2006 til 2015 en kemur nú fram sem einleikari með hljómsveitinni í tíunda sinn.

Jennifer Higdon er eitt fremsta samtímatónskáld Bandaríkjanna. Á þessum tónleikum flytur sveitin verk hennar, Konsert fyrir hljómsveit, frá árinu 2002. Konsert er svo sannarlega réttnefni því leiðarar hljómsveitarinnar eru í einleikshlutverkum og eru gerðar miklar kröfur til þeirra. Konsertforleikinn In the South (Alassio) samdi Edward Elgar þegar hann var í fjölskyldufrii á Ítalíu. Hann ætlaði sér reyndar að semja hefðbundna sínfóníu en varð svo hugfanginn af andrúmsloftinu að hann samdi í staðinn þennan töfrandi forleik, sem er einskonar tónaljód með ítölskum litum.

06.02 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Eva stjórnar Mahler

Sinfónía nr. 9 eftir Gustav Mahler er stórvirki í öllum skilningi þess orðs. Hún tekur um 90 mínútur í flutningi og krefst stórrar sínfóníuhljómsveitar. Í verkinu vinnur tónskáldið með stórar og miklar tilfinningar en þetta var síðasta sínfónían sem Mahler lauk við. Sinfónían er óhefðbundin í þeim skilningi að hægu kaflarnir eru í upphafi og lokin og hefur fjórði og síðasti kafllinn verið túlkaður sem kveðja Mahlers til heimsins í kjölfar andláts Önnu Maríu dóttur hans og hjartveiki hans sjálfs. Hljómsveitarstjórinn Herbert von Karajan mun hafa sagt að tónlist níundu sínfóníunnar eigi uppruna sinn í öðrum heimi og komi úr eilífðinni.

Verk Önnu Þorvaldsdóttur, ax, er hljómsveitarverk sprottið úr tónverki hennar METAXIS, sem frumflutt var í alrými Hörpu í upphafi Listahátíðar vorið 2024, en METAXIS var samið fyrir „tvístraða hljómsveit og rými“ þar sem ómríkt fordyri Hörpu batt saman leik hljóðfærahópa sem léku hver í sínu horni.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Arvo Pärt sinfóníur

20. MARS | KL. 19:30

Eistneska tónskáldið Arvo Pärt er meðal þekktustu núlifandi tónskálda heims. Kyrrðin, tærleikinn og hin allt að því dulræna andakt sem einkennir mörg verka hans eiga sérstakt erindi við samtímann en tónskáldið fagnar níráðisafmæli í ár. Af því tilefni flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands allar fjórar sinfóníur hans á einum tónleikum undir stjórn Evu Ollikainen aðalhljómsveitarstjóra. Sérhver af sinfóníunum er eins og heimur út af fyrir sig og gefst hér einstakt tækifæri til að hlýða á þær í tímaröð – þær eru eins konar vörður á langri listrænni og andlegri vegferð tónskáldsins en fjörutíu og fimm ár aðskilja þá fyrstu og þá fjórðu í tíma.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS